

Fundargerð stjórnarfundar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, haldinn 10. apríl 2017, kl 12.30, á skrifstofu félagsins og fjarfundi (Skype)

Mætt voru Andrea K Jónsdóttir, formaður, Einar Sveinn Ólafsson, Guðrún Stella Gissurardóttir, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Pétur G Markan og Óðinn Gestsson.

Formaður kynnti að Anna Lóa Guðmundsdóttir, Inga María Guðmundsdóttir og Magnús Jónsson hefðu boðað forföll og fengið varamenn í sinn stað. Matthildur Helga og Jónudóttir hefði síðan forfallast rétt fyrir fundinn og því ekki tók á að boða varamann í hennar stað.

Fundinn sátu á Ísafirði þau Guðrún Stella, Óðinn og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð. Aðrir fundarmenn voru tengdir í gegnum Skype.

Gengið til boðaðar dagskrá

1. Fundargerð stjórnarfundar 14. desember 2016
2. Endurskoðun ársreiknings 2016
3. Ársskýrsla 2016 og verkefnalisti.
4. Vestfjarðastofa. Samrunaáætlun Atvest og FV
5. Starfsmannamál.
6. Önnur mál

1. Fundargerð stjórnarfundar 14. desember 2016
Lögð fram fundargerð stjórnarfundar sem haldinn var þann 14. desember s.l.. Framkvæmdastjóri kynnti að því miður hefði láðst að óska eftir staðfestingu stjórnar á fundargerðinni í tölvupósti og hún því ekki lögð fram fyrr en nú. Fundargerð borinn upp og staðfest.
2. Endurskoðun ársreiknings 2016
Framkvæmdastjóri kynnti að endurskoðun reikninga félagsins væru að mestu lokið, rekstarniðurstaða væri jákvæð, en þó stæði eftir gerð tillögu að bókun tekna vegna verkefna í vinnslu. Rætt um stöðu verkefna í vinnslu og framkvæmdastjóra falið að hraða gerð tillögu þannig ljúka megi endurskoðun ársreiknings og boða til aðalfundar strax í framhaldinu.
3. Ársskýrsla 2016 og verkefnalisti.
Lögð fram starfsskýrsla fyrir árið 2016 sem send hefur verið til Byggðastofnunar og listi yfir verkefni ársins. Rætt um efni skýrslunnar og samþykkt að á aðalfundi félagsins verði skýrslan lögð fram, en efni hennar verði útvíkkað og fjallað nánar um þá vinnu sem unnin hefur verið og varðar skipulagsbreytingar á rekstri félagsins og framtíð þess.
4. Vestfjarðastofa. Samrunaáætlun Atvest og FV
Framkvæmdastjóri kynnti minnisþunkta um efnisatriði í samrunaáætlun á starfsemi Atvest og FV. Fyrirtækið Capacent hefur verið fengin til ráðgjafar um framkvæmd verkefnisins. Stjórn leggur áherslu á að við vinnslu málsins verði tryggt að rétt sé við forsvarsmenn atvinnulífs. Að öðru leyti telur stjórn að FV leiði þetta verkefni.

5. Starfsmannamál.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að samþykkja málléitan FV um að Magnea Garðarsdóttir, verkefnastjóri Atvest á Ísafirði, verði ráðin til FV til að leiða vinnu að mótun Stefnumarkandi stjórnunaráætlanir í ferðaþjónustu (DMP). Mikilvægt er að vinna að verkefninu hefjist nú þegar og því fari Magnea af launaskrá Atvest nú í apríl.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að staða verkefnastjóra félagsins verði auglýst en sem hluta af samrunaferli Atvest og FV.

Stjórn samþykkir tillögur framkvæmdastjóra, en hvetur jafnframt að allri vinnu við samrunaferil verði hraðað þannig að félagið geti uppfyllt starfsskyldur sínar gagnvart sínum þjónustuaðilum og viðskiptavinum þess. Skoðað verði einnig hvort kaupa megi að ráðgjafa til að sinna hluta af verkefnum félagsins.

6. Önnur mál

a. Formaður gerði að tillögu í ljósi umræðu á fundinum að fela framkvæmdastjóra að boða til aðalfundar félagsins í byrjun maí n.k.. Tillagan samþykkt.

Vegna tæknilegra ástæðna varð Andrea víkja af fundi.

b. Umræða um dreifikerfi raforku og endurskoðun á forsendum raforkulaga.

Stjórn Atvest beinir því til stjórnar FV og sveitarfélaga á Vestfjörðum, að taka til umræðu þá stöðu, að endurnýjun flutnings raforkukerfis fylgir ekki þróun í uppbyggingu meðalstórra fyrirtækja á Vestfjörðum. Hér sé um að ræða hindrun í atvinnuþróun landshlutans sem stjórnvöld verða bregðast við og breyta eigendastefnu í sínum fyrirtækjum s.s. Orkubúi Vestfjarða og Landsvirkjun, en báðir aðilar eru eignaraðilar að Landsneti. Í annan stað þarf Orkubú Vestfjarða að geta sinnt þeim markaði sem er að byggjast upp og eiga til þess fjárhagslega getu.

Stjórn Atvest beinir því einnig til stjórnar FV og sveitarfélaga á Vestfjörðum að endurskoðuð verði ákvæði raforkulaga og tekin verði upp nýr flokkur orkukaupenda sem skilgreina má sem meðalstór fyrirtæki. Núverandi flokkun um aflkaup minna og eða meira en 10 MW eða 78 Gwh á ári setur nær öll fyrirtæki landsins í einn flokk fyrir utan stóriðju. Markmið stjórnvalda er að fjölga meðalstórum fyrirtækjum og þá þarf að aðlaga raforkulög að því markmið en ekki hafa þau sem hindrun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.20

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.